

# Eystrahorn

34. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 7. október 2021

www.eystrahorn.is

## ÍFormi

Um liðna helgi fór fram ÍFormi mótið hér á Höfn. Þar stóð fólki 35 ára eða eldri til boða að spreyta sig í hinum ýmsu keppnisgreinum. Í boði voru frjálsar, knattspyrna, körfubolti, badminton, golf, sund og utanvega hlaup.

Þessi viðburður var mjög vinsæll hér á árum áður og það er ákveðið frumkvöðlastarf að endurvekja þetta mót og búa til stemningu aftur fyrir því hérna á Hornafirði. Í mörgum greinum má segja að það hafi verið „Akoniti“ sigur þar sem sigurinn var að mæta þrátt fyrir erfið veðurskilyrði og aðrar utanaðkomandi aðstæður. Því miður náðist ekki þátttaka í knattspyrnu en sigurvegarar voru krýndir í öðrum greinum. Á Ólympíuleikunum til forna þá var „Akoniti“ sigur merki um mikla sæmd og virðingu þar sem aðrir keppendur höfðu dregið sig úr keppni og þorðu ekki að mæta sigurvegaranum þar sem hann bar af í viðkomandi keppnisgrein og átti það við um nokkrar greinar að þessu sinni hjá okkur. Allir keppendur stóðu sig hins vegar vel og viljum við þakka þeim fyrir þátttökuna. Þessi viðburður fer í reynslubankann hjá okkur og til stendur að hafa keppnina að ári og vonandi verða þá fleiri sem sjá sér fært að mæta til leiks og jafnvel hefja æfingar yfir sumarið og stunda reglulega hreyfingu sem er aðalmarkmið þessa viðburðar.



Hulda Laxdal Hauksdóttir með verðlauna gripi fyrir 50m bringusund og 50m skriðsund



Gunnar Örn, Björgvin og Kristján sigruðu í 3 á 3 körfubolta

Hér fyrir neðan má sjá sigurvegara úr hverri grein.

### 100m hlaup kk

Gunnar Örn Reynisson  
Tími 15,11 sek

### Kúluvarp kk

Björgvin Erlendsson  
Lengd 9,96m

### Langstökk kk

Gunnar Örn Reynisson  
Lengd 3,90m

### Boðhlaup kk

Gunnar Örn Reynisson,  
Kristján Ebezerson, Björgvin  
Erlendsson, Kristján Hauksson  
Tími 1,17 mín

### Golf

Guðjón Björnsson  
32 punktar

### Fyrir Horn

Jóhann Hilmar  
75 mín

### 50 m bringusund kvk

Hulda Laxdal Hauksdóttir

### 50m skriðsund kvk

Hulda Laxdal Hauksdóttir

### Badminton

Jakub Biernat  
Sigurborg Jóna Björnsdóttir

### Körfubolti kk

Björgvin Erlendsson, Gunnar  
Örn Reynisson og Kristján  
Hauksson

## Bleikur október

Konukvöld í tilefni bleiks október verður haldið fimmtudaginn 14. október kl. 19:30

Gleðjumst saman og höfum gaman!

Húsgagnaþal

Húsgögn og gjafavörur

Opið virka daga frá  
kl. 13:00-18:00

Símar:

478-2535 / 898-3664

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGSVIST.



Þriggja kvölda keppni  
hefst í Ekru fimmtudaginn 14. október  
kl. 20:00. Fjölmönnum nú, það er  
langt síðan við höfum spilað.

**SKÁKTILSÖGN** verður á þriðjudögum  
og fimmtudögum kl. 13:00.  
Skák er skemmtileg.

## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Sunnudaginn 10. október



Á sunnudaginn verður gönguferð í Kálfafellsdal í  
Suðursveit. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna  
og hugmyndin er að skoða sig um í Kálfafellsdalnum  
sjálfum, það verður ekki farið upp í fjöllin. Erfiðleikastigið  
er metið sem 1 skór. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu  
á Höfn kl. 10:00, en einnig er hægt að mæta vestan við  
bæinn Kálfafell kl. 10:45.

Þátttökugjald í gönguferðum félagsins er 1.000 krónur  
fyrir 18 ára og eldri, frítt fyrir börn og ungmenni og 1.500  
fyrir hjón. Hundar eru á ábyrgð eigenda og í þessari  
gönguferð þurfa þeir að vera í taumi svo við verðum ekki  
óvart til þess að sundra safninu ef það verður smalað  
þennan dag.

Öllum er velkomið að taka þátt í gönguferðum félagsins og  
eins er velkomið að hafa samband ef frekari upplýsinga  
er óskað, Sigrún s:864-5456.

## Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent  
á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu,  
undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er  
mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft  
mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag  
fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins  
t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp  
á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið  
með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt  
er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.  
Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



1000 kr.  
á mánuði



2000 kr.  
á mánuði



3000 kr.  
á mánuði

### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



## Frumherji

**Bifreiðaskoðun á Höfn  
18., 19. og 20. október.**

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. október.  
Næsta skoðun 22., 23., og 24. nóvember.

## Frumherji

*þegar vel er skoðað*



**Óskum eftir starfsmanni í móttökuna í  
Mjólkurstöðinni**

**Viðkomandi verður að vera orðinn 18 ára og hafa gott  
vald á íslensku og ensku.  
Vinnutíminn er frá kl. 13:00-21:00.**

**Vinnulýsing:** Taka á móti gestum, svara tölvupósti og  
undirbúa morgunmat.

**Upplýsingar í síma 895 3830, Elínborg**



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

# Fjölþjóðaeldhús á Hafinu í annað sinn


Fjölþjóðaeldhús fór fram á Hafinu þann 24. september síðastliðinn og var þetta í annað sinn sem slíkt er haldið. Þemað að þessu sinni var pólsk matargerð og sáu þau Aleksandra Katarzyna, Kacper Swiercz, Jolanta Swiercz, Carmen Diljá Eyrúnardóttir og Joanna Skrzypkowska um matargerðina.

Einnig voru sýndar stuttmyndirnar “Druciane oprawki” eða Lopa tannhjól eftir Bartosz Kedzierski, og “Reykjavik

Street Art” eftir Krzysztof Jerzy Smierzchala.

Síðan léku Luiz Carlos Trindade da Silva, Amylee V. og Alexandra da Silva Trindade, Ella Rabanez og Dagmar Lilja Óskarsdóttir tónlist fyrir gesti.

Kvöldið var vel heppnað, og þakkar Fjölmenningsstofa og Menningarmiðstöð Hornafjarðar öllum sem hjálpuðu til og vonast til að sjá ykkur aftur sem fyrst.



Félag  
Harmonikuunnenda



á Hornafirði

## HAGYRÐINGA- KVÖLD

*Smyrlabjörgum*

*30. október 2021*

Hagyrðingakvöld,  
matur, dansleikur og gisting  
á Hótel Smyrlabjörgum

Matur og skemmtun kr. 9.500.-

Matur, skemmtun og gisting kr. 17.500.-

Matur hefst kl. 18.30 og hagyrðingamót kl. 20.15.

Miðapantanir í síma 478 1074

Félag Harmonikuunnenda Hornafirði

**Hótel Smyrlabjörg**

**BRAKANDI  
KJÚKLINGA  
LUNDIR**

*MISSISSIPPI STYLE*

**MISSISSIPPI STYLE  
CHICKEN TENDERLOIN**

**1.599 kr.**



**DJÚPSTEIKTAR  
RÆKJUR  
Í BRAUÐRASPI**

**DEEP FRIED  
BREADED SHRIMP**

**999 kr.**



*Tilboð gilda út október 2021*

N1 Höfn



Nesti

# KRÆSILEG HELGARTILBOÐ

GILDA 7.–10. OKTÓBER



NAUTALUND 1/2

KJÖTBANKINN

FERSK

3.299 KR/KG

ÁÐUR: 5.499 KR/KG

40%  
AFSLÁTTUR



20%  
AFSLÁTTUR

Kjúklingapottréttur  
í tikka masala - 600 g

1.199 KR/PK

ÁÐUR: 1.499 KR/PK



20%  
AFSLÁTTUR

Kjúklingapottréttur  
í karrý-mangó - 600 g

1.199 KR/PK

ÁÐUR: 1.499 KR/PK



40%  
AFSLÁTTUR

Grísasteik  
Með pestó- og ostafyllingu

1.379 KR/KG

ÁÐUR: 2.299 KR/KG



34%  
AFSLÁTTUR

Côte de boeuf  
Kálfasteikur

3.497 KR/KG

ÁÐUR: 5.298 KR/KG

KJÖTSEL



22%  
AFSLÁTTUR

Hamborgarhryggur

1.392 KR/KG

ÁÐUR: 1.784 KR/KG

Heilsuvara  
vikunnar!  
\*\*\*



25%  
AFSLÁTTUR

Sofðu rótt  
Iceherbs - 60 stk

1.274 KR/STK

ÁÐUR: 1.699 KR/STK

KJÖTBORÐ



20%  
AFSLÁTTUR

Lambamjaðmasneiðar  
bykkar

2.399 KR/KG

ÁÐUR: 2.999 KR/KG

Vínberjatvenna  
500 g

299 KR/PK

ÁÐUR: 598 KR/PK

50%  
AFSLÁTTUR



nettó

Lægra verð - léttari innkaup

SPARAÐU EINS OG MEISTARI  
MEÐ SAMKAUÐA-APPINU

Skráðu þig á [meistaramanudur.is](https://meistaramanudur.is)

Náðu í appið og safnaðu inneign.  
Þú getur notað Samkaupa-  
appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fljúgum inn í veturinn með fjölda tilboða

Við fjölgum nettilboðum í hverri  
flugferð og lækkum verð nettilboða  
og barnafargjalda til 14. nóvember

## Flugáætlun

	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Brottför	Lending
Frá Reykjavík		•						08:55	09:50
			•					13:20	14:15
				•				14:00	14:55
					•			16:35	17:30
		•						17:30	18:25
Frá Höfn í Hornafirði		•						10:10	11:10
			•					14:40	15:40
				•				15:15	16:15
					•			17:55	18:55
		•						18:45	19:45

Flugáætlun gildir frá 1. október 2021

